



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 6.11. '19

Úrskurður aganefndar 6. nóvember 2019

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Halldór Ingi Jónasson leikmaður Hauka hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik Hauka og ÍBV í mfl. ka. þann 30.10. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
2. Bragi Rúnar Axelsson aðstoðarþjálfari Harðar hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar eftir leik ÍR U og Harðar í mfl. ka. þann 1.11.2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að þjálfarinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
3. Þráinn Ágúst Arnaldsson leikmaður Harðar hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Selfoss U og Harðar í mfl. ka. þann 2.11.2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
4. Róbert Sigurðarson leikmaður ÍBV hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik ÍBV og Fjölnis í mfl. ka. þann 3.11. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
5. Ihor Kopyshynskiy leikmaður Þórs hlaut útilokun með skýrslu vegna óíþróttamannslegrar hegðunar í leik Vals U og Þórs í mfl. ka. þann 3.11.2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 c) þar sem brotið á sér stað á seinustu þrjátíu sekúndum leiksins. Í agaskýrslu frá dómurum kemur fram að við endurmat á atvikinu hafi þessi ákvörðun verið röng og rauða spjaldið því dregið til baka. Niðurstaða aganefndar er því að ekki skuli aðhafst frekar í málinu og spjaldið mun því ekki gilda ef kemur til ítrekunaráhrifa vegna rauðra spjalda.
6. Adam Haukur Baumruk leikmaður Hauka hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik Aftureldingar og Hauka í mfl. ka. þann 3.11. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi fimmtudaginn 7. nóvember 2019.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

